

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 9/2025
Þriðjudagurinn, 11. mars 2025

Yfirtaka Símans Pay ehf. á hluta af starfsemi Rapyd Europe hf.

- Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Símans Pay ehf. (hér eftir „Síminn Pay“) á lánasafni Rapyd Europe hf. (hér eftir „Rapyd“), en fyrirtækin starfa á bæði mörkuðum fyrir skammtímalán og greiðslulausnir. Tekið skal fram að samrunamálinu lauk með bréfi til samrunaaðila 24. janúar 2025 um að Samkeppniseftirlitið myndi hvorki aðhafast né rannsaka samrunann frekar.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framgreindur gerningur í sér samruna í skilning 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17 gr. a. sömu laga.
- Upphaf málsins má rekja til þess að þann 7. október 2024 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning þar sem tilkynnt var um framangreind kaup Símans Pay á hluta af starfsemi Rapyd, nánar tiltekið kortalánasafni félagsins sem einnig hefur gengið undir heitinu Kortalán Valitor. Með bréfi þann 11. október var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskráin fullnægði ekki þeim kröfum sem gerðar til efnislegrar umfjöllunar og upplýsingagjafar samrunaaðila í samkeppnislögum og reglum nr. 1390/2020 um málsmeðferð og tilkynningu í samrunamálum. Þar á undan höfðu aðilar þó átt í samskiptum við eftirlitið í aðdraganda samrunatilkynningar en ekki brugðist við öllum athugasemdum eftirlitsins við upplýsingagjöf í samrunaskrá.
- Fullnægjandi tilkynning barst Samkeppniseftirlitinu síðan þann 17. desember 2024 og byrjuðu frestir að líða þann 18. desember 2024. Með tilkynningunni fylgdi lengri samrunaskrá í samræmi við 17. gr. samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 þar sem tilkynnt var um samrunann á nýjum grunni.
- Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Jafnframt voru hafðar til hliðsjónar eldri ákvarðanir um samruna fyrirtækja sem starfa á sömu mörkuðum. Þá leitaði eftirlitið einnig óformlegs álits nokkurra markaðsaðila og keppinauta samrunaaðila á samrunanum og áhrifa á þá markaði sem hann tekur til.

I. Samruninn

- Í samrunaskrá segir að með kaupsamningi sem undirritaður var þann 27. ágúst 2024 hafi Síminn Pay skuldbundið sig til að kaupa tiltekið kröfusafn af Rapyd, þ.e. áður nefnd kortalán. Þar kemur jafnframt fram að samhliða hafi meginskilmálar samstarfssamnings á milli félaganna verið undirritaður. Með samrunaskrá



fylgdu margvísleg gögn, þ.m.t. kaupsamningur milli kaupenda og seljenda um viðskiptin, ársreikningar samrunaaðila og tengdra aðila.

7. Í samrunaskrá kemur fram að Síminn Pay starfi á markaði fyrir greiðslulausnir og skammtímalán til neytenda og á fyrirtækjamarkaði. Starfsemi fyrirtækisins felist helst í framboði greiðslulausnanna Léttkorts og Léttkaupa sem séu fyrir einstaklingsmarkað þar sem viðskiptavinum bjóðist m.a. neytendalán í gegnum Símann Pay smáforritið (app). Þá sé félagið dótturfélag Símans hf. sem starfi á fjarskipta og sjónvarpsmörkuðum og veiti heildstætt framboð vöru og þjónustu.¹ Síminn starfi þar að auki á auglýsingamarkaði² sem og í rekstri markaðstorgs, en nýlega tók Síminn yfir félagið Noona Iceland ehf.³
8. Fram kemur í samrunaskrá að starfsemi Símans Pay hafi hafist árið 2017 með markaðssetningu smáforrits þar sem notendum væri ætlað að greiða fyrir vöru- eða þjónustukaup með farsímanum. Þessari starfsemi hafi verið hætt fljótlega m.a. vegna tilkomu Apple Pay og Google Pay greiðslulausnanna, en opnað var fyrir þær þjónustur í gegnum íslensku bankana árið 2019. Sama ár hafi fyrirtækið farið að bjóða upp lánastarfsemi, fyrst með Léttkaupum í gegnum smáforrit. Með þessari greiðslulausn hafi viðskiptavinum verið m.a. gert kleift að fresta greiðslum frá 14 dögum í allt að 36 mánuði.
9. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá aðila býður félagið einnig upp á kreditkort til einstaklinga undir vörumerkinu Léttkort Pay, en sú starfsemi hófst árið 2022. Kortið er gefið út af MasterCard, en í gegn um Léttkortið sé m.a. hægt að safna vildarpunktum auk þess sem í boði eru ferðatryggingar o.fl. líkt og á við um hefðbundin greiðslukort, eftir mismunandi þörfum viðskiptavinarins.
10. Þá segir að á árinu 2024 hafi félagið farið að bjóða upp á fyrirtækja-léttkort í samkeppni við viðskiptabankana. Síminn Pay reki einnig svokallað Torg sem sé hluti af þeirri þjónustu sem sé boðið upp á í Símanum Pay smáforritinu sem sé, eins og segir í samrunaskrá, tilraun til útfærslu á vefverslun Símans. Félagið bjóði því upp á nokkuð breytt úrval greiðslulausna bæði fyrir neytendur og fyrirtæki sem séu að hluta til í samkeppni við viðskiptabankana og þá aðila sem bjóða svipaða þjónustu og Síminn Pay.
11. Í samrunaskrá kemur einnig fram að Rapyd sé greiðsluþjónustufyrirtæki⁴ sem þjónustar söluaðila á Íslandi og í Evrópu. Þar segir að sú þjónusta sem Rapyd bjóði upp á sé (i) færsluhirðingu vegna greiðslna á sölustað, á netinu og fyrir netsíður, (ii) starfsemi á sviði útgáfuvinnslu greiðslukorta og sé fyrirtækið útgáfuvinnsluaðili fyrir ýmsar innlánsstofnanir og (iii) þá bjóði félagið upp á færsluhirðingu í heildsölu fyrir Straum greiðslumiðlun hf. og ýmsa aðra sambærilega aðila í Evrópu.
12. Þar segir enn fremur að Rapyd bjóði einnig lán til kreditkorthafa eða svokölluð kortalán. Eins og kemur fram í samrunaskrá geta söluaðilar boðið bæði Visa og MasterCard korthöfum möguleika á greiðsludreifingu með kortaláni annað hvort á sölustað eða á vefsíðu. Með þessu móti sé Rapyd að fjármagna kaup einstaklinga á vöru eða þjónustu hjá viðkomandi söluaðila. Um sé að ræða sambærilega greiðslulausn og Síminn Pay bjóði.
13. Jafnframt kemur fram í samrunaskrá að Rapyd Europe eigi 100% hlut í Valitor Int. ehf. og Protegion ehf. Þá sé Rapyd eigandi alls hlutfjár í Rapyd Payment Ltd., en það sé rafeyrisfyrirtæki með leyfi frá breska fjármálaeftirlitinu. Einnig eigi Rapyd að fullu Iteron Holding Ltd., Korta Payments ehf., Korta Payments SA og Korta PF-Services s.r.o. Korta starfi á sama markaði og Rapyd.
14. Þá sé Rapyd dótturfélag og í fullri eigu Rapyd Financial Network Ltd. sem sé alþjóðlegt fjártæknifyrirtæki, en starfsemi þess felist í að auðvelda söluaðilum aðgengi að mörkuðum víðs vegar um heim. Þjónusta Rapyd

¹ Sjá t.d. umfjöllun um starfsem Símans í ákvörðun nr. 24/2023

² Sjá ákvörðun nr. 15/2024 vegna kaupa Símans á BBI ehf., Billboard ehf., og Dengsa ehf.

³ Sjá ákvörðun nr. 26/2024.

⁴ Rapyd er sameinað félag tveggja félaga sem áður hétu Valitor hf. og Korta hf.



Financial Network miði að því (i) gera greiðsluþjónustu aðgengilegri og einfaldari fyrir söluaðila með nýrri tækni og fjölbreyttu vöruúrvali sem sniðið sé að hverjum söluaðila fyrir sig og (ii) veita aðgang að margvíslegum greiðslugáttum fyrir vefverslanir, greiðslutengingum og greiðslulausnum í farsímum, jafnt fyrir greiðslur með greiðslukortum og B2B greiðslur. Þá eigi fyrirtækið einnig hluti í rafeyrisfyrirtækinu CashDash UK Ltd. og greiðslustofnuninni Rapyd Holdings Pte. Ltd.

15. Samantekið felst samruninn í því að Síminn Pay kaupir tiltekið kortalánasafn af Rapyd. Lánasafnið samanstendur af svokölluðum Rapyd kortalánum þar sem söluaðilar geta boðið upp á greiðsludreifingu. Að mati samrunaaðila skarast starfsemi samrunaaðila á þessum markaði og er því um láréttan samruna að ræða, enda starfi samrunaaðilar á sama samkeppnismarkaði að því er varðar greiðslulausnir og veitingu skammtímalána. Samruninn felur einnig í sér gerð samstarfsamnings á milli samrunaaðila þar sem greiðslulausnir Símans Pay verða í boði hjá söluaðilum Rapyd.

II. Markaðir málsins og markaðshlutdeild

16. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt b-lið 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig viðauka II við reglur nr. 1390/2020, skal í styttri tilkynningu um samruna koma fram lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á.
17. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu að mati neytenda.
18. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

2.1 Sjónarmið samkeppnisaðila

19. Eins og fram hefur komið er það mat samrunaaðila að markaðir málsins þar sem áhrifa samrunans gætir sé markaður fyrir greiðslulausnir, markaður fyrir lán til einstaklinga og markaður fyrir færsluhirðingu. Jafnframt sé það mat samrunaaðila að starfsemi Símans Pay og Rapyd skarist á markaði fyrir greiðslulausnir og lána til einstaklinga og því sé um láréttan samruna að ræða er varði þá starfsemi samrunaaðila. Enn fremur segir í samrunaskrá að lán á borð við þau sem samrunaaðilar veita beri alla sömu eiginleika og skammtímalán viðskiptabankanna, þ.m.t. yfirdráttarlán.
20. Það sé því mat samrunaaðila að markaður fyrir greiðslulausnir felist í neyslulánum til fjármögnunar á kaupum á vöru og þjónustu. Jafnframt kunni að falla þar undir hvers konar skammtímalán veitt til einstaklinga, svo sem yfirdráttur, kreditkortalán (dreifing greiðslna) og önnur skammtímalán á borð við þau sem samrunaaðilar veita sem og viðskiptabankarnir þrír auk annarra fyrirtækja sem starfi á sama markaði og samrunaaðilar.
21. Þá segir einnig að lánastarfsemi Símans Pay felist einkum í Léttkorti og Léttkaupum þar sem möguleiki sé á að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði og smáforriti Síminn Pay sem sé rafræn greiðslulausn. Lánastarfsemi Rapyd felist í kortalánnum eða greiðsludreifingu þar sem korthöfum bjóðist að dreifa greiðslum annaðhvort þegar greitt sé í posa eða á vefsíðu. Að mati samrunaaðila sé um að ræða svipaðar greiðslulausnir á sama markaði og því teljist eins og fyrr segir framangreindur samruni vera láréttur.



22. Eins og hér að framan greinir er það mat samrunaaðila að markaður fyrir greiðslulausnir taki til veitingu neyslulána einkum til einstaklinga, þ.m.t. yfirdrátt og skammtímalán sem veitt séu af hálfu stóru viðskiptabankanna þriggja. Í samrunaskrá er þó fjallað um mismunandi markaðsskilgreiningar m.t.t. breiddar markaðarins. Að mati samrunaaðila nái þrengsta mögulega markaðsskilgreining eingöngu til greiðslulausna (lánveitinga) sem aðrir en viðskiptabankarnir þjóða. Samkvæmt þeirri mögulegu markaðsskilgreiningu nái þá markaður málsins ekki til yfirdráttarlána og kreditkortalána. Helstu keppinautar samrunaaðila séu þar Kvika banki hf. (Aur, Netgíró, Lykill), Pei og Greitt.is. Ef hins vegar sé gengið út frá því að yfirdráttur, kortalán viðskiptabankanna og önnur skammtímalán til einstaklinga tilheyri markaði fyrir víðari greiðslulausnir þá séu helstu keppinautar samrunaaðila viðskiptabankarnir þrír auk ofangreindra aðila. Samrunaaðilar telja ljóst að ef víðari skilgreiningin eigi við þá sé markaðshlutdeild þeirra mjög lág.
23. Að mati samrunaaðila sé ljóst að þrátt fyrir að yfirdrættir teldust til sérstaks markaðar, þ.e. teldust ekki til markaðar fyrir greiðslulausnir með þeim skammtímalánveitingum sem samrunaaðilar veiti, þá séu stóru viðskiptabankarnir þrír þrátt fyrir það starfandi á sama markaði fyrir greiðslulausnir að mati félaganna, annað hvort sem hugsanlegir keppinautar eða á grundvelli þeirra neyslulána og skammtímalána sem viðskiptavinum þeirra standi þegar til boða, þ.e. neyslulána annarra en yfirdráttá.
24. Annar samrunaaðila (Rapyd) starfi einnig á markaði fyrir færsluhirðingu. Í samrunaskrá er nokkuð ítarleg umfjöllun um markað fyrir færsluhirðingu. Er enda færsluhirðing nauðsynleg söluaðilum, veitt á sömu sölustöðum og þeim þar sem kortalán séu veitt, og jafnvel hluti af sömu virðisdeildum og mögulegur markaður fyrir greiðslulausnir. Er rakið í samrunaskrá hvernig markaðsgerð færsluhirðingar hafi breyst að mati samrunaaðila með tilkomu nýrrar tækni og innkomu fleiri fyrirtækja á þann markað. Í samrunaskrá segir að helstu keppinautar Rapyd séu Teya⁵ (áður SaltPay og Borgun), Straumur (dótturfélag Kviku banka hf.) og Landsbankinn. Þar segir jafnframt að innkoma nýrra keppinauta á markaðinn hafi aukið samkeppnisþrýsting verulega síðustu misseri. Í samrunaskrá er þó tekið fram að Síminn Pay starfi ekki á færsluhirðingamarkaði og að mati samrunaaðila teljist sá markaður því ekki til markaðar þar sem áhrifa samrunans gæti.
25. Í samrunaskrá kemur loks fram það mat samrunaaðila að ekki beri að skilgreina landfræðilegan markað málsins þrengra en Ísland. Raunar megji færa fyrir því sterk rök að t.d. að markaður fyrir færsluhirðingu sé Evrópa, en ekki Ísland miðað við innkomu nýrra keppinauta að undanfögnu. Allt að einu telja samrunaaðilar það ekki koma til með að skipta máli fyrir niðurstöðu málsins, hvort landfræðilegur markaður málsins verði talin landsbundinn eða evrópskur/EES svæðið.

2.2 Mat Samkeppniseftirlitsins á markaðsskilgreiningum

26. Eins og hefur verið rakið hér að framan skarast starfsemi samrunaaðila á markaði fyrir greiðslulausnir eins og aðilar skilgreina hann, vegna þeirra skammtímalána sem bæði félögin veita. Síminn Pay býður m.a. upp rafræna greiðslulausn þar sem notendur geta greitt með stafrænum kortum netinu eða í verslunum, greitt með kreditkorti Símans Pay Léttkorti, og raðgreiðslulánum hvort sem er dreifingu kreditkortareiknings Léttkorts eða neysluláni Léttkaups.
27. Starfsemi Rapyd á framangreindum markaði felst í kortalánum, þ.e. lánum sem eru tengd greiðslukortum og eru veitt af kortafyrirtækjum, oft með milligöngu sölumanna og markaðssetningu á sölustað í samstarfi við söluaðila vöru eða þjónustu. Þessi lán gera korthöfum kleift að dreifa greiðslum yfir ákveðið tímabil og hefur þetta lánaþyrirkomulag svipaða eiginleika og þau lán sem Síminn Pay býður upp á. Í báðum tilvikum getur kaupandi vöru eða þjónustu valið um á sölustað eða á vefsíðu að dreifa greiðslu fyrir vöru eða þjónustu með

⁵ Teya er færsluhirðir og fjártækniyrirtæki á svið rafrænnar greiðslumiðlunar.



kortaláni frá Rapyd, greiðslulausnum og lánavörum Símans Pay, eða með greiðslulausnum keppinauta samrunaaðila.

28. Að mati Samkeppniseftirlitsins þarf ekki að taka formlega afstöðu til markaðsskilgreininga þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins og þörf fyrir íhlutun.
29. Þó skal tekið fram að starfsemi samrunaaðila sem snýr að greiðslulausnum fyrir skammtímalán stendur næst þeim markaði sem skilgreindur hefur verið sem neyslulán (e. buy now, pay later – „BPNL“). Í samræmi við framangreint er helsta einkenni neyslulána þau að greiðslu kaupverðs vegna kaups á tiltekinni vöru eða þjónustu er frestað yfir lengri tíma með lántöku sem felst í greiðsludreifingu kaupverðsins. Slík skammtíma neyslulán eru jafnvel framkvæmd á sölustað, fyrir milligöngu sölumanna og með dreifingu markaðsefnis lánveitanda, eða í vefverslun sama söluaðila, á grundvelli samstarfssamninga við viðkomandi söluaðila. Slík lán eru tekin sérstaklega vegna tiltekinna vöru- eða þjónustukaupa, og geta verið vaxtalaust til skamms tíma eða allt að ári og fellur þá til ýmiskonar kostnaður eins og færslugjöld. Jafnframt er unnt að dreifa greiðslum til lengri tíma eða allt að 36 mánuðum og fellur þá að auki til vaxtakostnaður.
30. Samkvæmt samrunaskrá og frumathugun eftirlitsins á framangreindum markaði eru helstu keppinautar samrunaaðila á markaði fyrir neyslulán Aur og Netgíró sem eru bæði í eigu Kviku banka. Einnig starfar Pei og Greitt.is á þessum markaði ásamt nokkrum smærri aðilum. Þau fyrirtæki sem veita kortalán auk samrunaaðila eru helst Teya, en auk þess liggur fyrir að hjá viðskiptabönkum þremur geta neytendur dreift kreditkortareikningum í tiltekinn tíma, jafnvel í netbanka og smáforriti án samtals við starfsmenn bankanna. Starfsemi og raðgreiðslur viðskiptabankanna er með þó öðrum hætti þar sem þeir bjóða ekki upp á markaðssetningu eða aðstoð við veitingu neysluláns á sölustað í samstarfi við söluaðila, eins og Síminn Pay og Rapyd gera. Þess í stað þarf viðskiptavinur að dreifa kortagreiðslum eða reikningi eftir að hafa átt viðskipti yfir tiltekið tímabil, eða tryggja sér veðlaust skammtímalán áður en kaup á vöru eða þjónustu á sér stað.
31. Með tilkomu stafrænna greiðslulausna og snjalltækja liggur fyrir að mati Samkeppniseftirlitsins að mörkin milli raðgreiðslusamninga á sölustað, kreditkortalána, og greiðsludreifingar á tilteknum kreditkortafærslum í stafrænum smáforritum, eru óljós og verða óljósari milli þessara vara og þjónusta eftir því sem virkni og aðgengi neytenda að stafrænum greiðslulausnum og fjármálaþjónustu heldur áfram að aukast. Við markaðsskilgreiningar lítur Samkeppniseftirlitið eftir sem áður m.a. til eiginleika vöru, dreifingar hennar, og verðlagningar, þ.e. viðskiptakjara sem neytendum býðst, í þessu tilviki vaxtakjara og lántökugjalda. Í málinu liggur fyrir að mikill munur er á vöxtum og lántökukostnaði milli yfirdráttarlána í bönkum, raðgreiðslusamninga Rapyd, og smálánum smálánafyrirtækja, svo dæmi séu tekin.
32. Það sem einkennir þær greiðslulausnir sem eru til umfjöllunar í þessu samrunamáli, og aðgreinir frá öðrum, er það hvort lánið sé veitt á sölustað eða ekki, sér í lagi með markaðssetningu á sölustað, aðstoð sölumanna og með samstarfssamningi við söluaðila vöru sem jafnvel tekur þátt í fjármögnunarkostnaði neytanda. Ekki hefur þó verið gerð tæmandi rannsókn á þessum markaði enda ekki þörf á að taka formlega afstöðu til markaðsskilgreininga í þessu máli.
33. Ljóst er eins og rakið hefur verið hér að framan að viðskiptabankarnir bjóða upp á annarskonar lánavörur eins og yfirdrátt og/eða verðlaus skammtímalán sem geta eftir atvikum þjónað sama hópi viðskiptavina og skammtímaneysslulán. Dreifingu þeirra og framboði er þó háttað með öðrum hætti, án samstarfs við söluaðila auk þess sem verðlagning er með öðrum hætti en með kortaláni Rapyd og neyslulánum Símans Pay.
34. Á mögulegum markaði málsins eru að mati Samkeppniseftirlitsins í boði nokkrar ólíkar og aðgreinanlegar vörur eða þjónustur, sem veita hvorri annarri samkeppni, þótt staðganga á milli greiðslulausna eða lánsforma, tilfærslur og þar með samkeppni á milli þeirra sé óljós. Um er að ræða fáa keppinauta á þrengsta mögulega markaði málsins, þ.e. veitingu neyslulána til einstaklinga á sölustað og með samstarfi við söluaðila, með



mögulegri umtalsverðri tilfærslu milli aðila. Gögn og upplýsingar samrunamálsins benda til þess að þar ríki mögulega nán samkeppni milli Netgíró, Símans Pay og eftir atvikum kortalána Rapyd, miðað við áherslur í vöruframboði, áætlaðan markaðsstyrk og veltu félaganna í neyslulánveitingum, einkum varðandi fyrrnefndu félögin tvö. Þá eru Pei og Teya einnig á slíkum markaði eins og áður sagði.

35. Að mati Samkeppniseftirlitsins stafar einnig samkeppnislegt aðhald frá öðrum lánavörum og greiðslulusnum annarra fyrirtækja, þótt eiginleikar slíkra vara séu aðrir og tiltekinn munur á verðlagningu sem geti bent til þess að þær tilheyri ekki endilega sama markaði og lánavörur samrunaaðila. Þannig stafar óhjákvæmilega tiltekið samkeppnislegt aðhald frá yfirdráttarlánnum og skammtímalánnum viðskiptabankanna og dreifingu kreditkortareikninga í stafrænum greiðslulusnum þeirra. Þá hafa stafrænar greiðslulusnir og stafvæðing fjártækni leitt til þess að stórauikið aðgengi neytenda gerir mörk ólíkra lánavara og fjármálaþjónustu óskýrara eins og áður sagði. Þá hefur einn viðskiptabankanna (Landsbankinn) gert sig gildandi í færsluhirðingu. Ennfremur eru bankarnir í viðskiptasambandi við fjölmarga söluaðila vöru og þjónustu sem setur sameinuðu fyrirtæki Símans Pay og kortalána Rapyd tiltekna skorður í samkeppnislegu tilliti.
36. Samkvæmt upplýsingum frá markaðsaðilum sem Samkeppniseftirlitið aflaði í málinu eru auk þess örar breytingar að eiga sér stað á markaði með greiðslulusnir þar sem eftirspurn lántakanda eftir kortalánnum fer minnkandi. Eldri greiðslulusnir eins kortalán virðast því vera að víkja fyrir nýrri fjártæknilausnum eins þeim sem t.d. Síminn Pay og Netgíró bjóða upp á.
37. Eins og fyrr segir er það sem helst greinir á milli greiðslulusna Símans Pay og viðskiptabankanna markaðssetning, dreifing og aðgengi neytenda á sölustað eða í vefverslun í samstarf við söluaðila. Þá eru lánveitingar Símans Pay ekki leyfisskyldar, né stafrænar greiðslulusnir eins og Síminn Pay og Netgíró bjóða uppá. eru því fáar lagalegar aðgangshindranir sem gætu raskað mögulega samkeppni eða innkomu nýrra aðila. Viðskiptabankarnir hafa auk þess samkeppnisforskot á Símann Pay og keppinauta þar sem bankarnir eru helstu (heildsölu) lánveitendur þeirra. Aðgengi viðskiptabankanna að markaði fyrir greiðslulusnir og mögulegum þrengri markaði fyrir neyslulán í samstarfi við söluaðila, ætti því að vera auðvelt og kann fjármögnun og stærðarhagkvæmni að vera samkeppnishindrun fyrir minni aðila.
38. Þá þarf ekki að taka nákvæma og afdráttarlausa afstöðu til þess hverjir vörumarkaðir málsins séu þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins. Starfsemi samrunaaðila skarast á sviði neyslulána til vörukaupa á sölustað, annars vegar í gegnum lánasafn Rapyd (hið keypta) og greiðslulusnir Símans Pay hins vegar. Að mati Samkeppniseftirlitsins tilheyra kortalán Rapyd og greiðslulusnir Símans Pay því sama markaði. Til þessa markaðar tilheyrir að mati eftirlitsins að minnsta kosti lánastarfsemi Kvikubanka (þ.e. Netgíró og Aur), Pei og Teya, en einnig möguleg skammtímalán viðskiptabankanna, s.s. yfirdráttur, og greiðsludreifing kreditkortaskulda.
39. Að öllu framansögðu getur Samkeppniseftirlitið tekið undir með samrunaaðilum að landfræðilegur markaður málsins sé landið allt (heilt og óskipt).

III. Samkeppnisleg áhrif samrunans

40. Almennt séð við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



3.1. Sjónarmið samrunaaðila

41. Að mati samrunaaðila sé um láréttan samruna að ræða eins og áður sagði, sem hafi takmörkuð áhrif á mörkuðum málsins og komi samruninn því ekki til að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu. Í samrunaskrá er birt mat samrunaaðila á markaðshlutdeild þeirra og helstu keppinauta á markaði fyrir greiðslulausnir. Án markaðshlutdeildar viðskiptabankanna, þ.e. samkvæmt þrengstu markaðsskilgreiningu, sé sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila [] eftir samruna. Samkvæmt sama mati sé markaðshlutdeild helsta keppinautar samrunaaðila Netgíró og Aur (Kvika) []. Að mati samrunaaðila sé því ljóst að hvorki Rapyd né Síminn Pay verði eða hafi verið í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir greiðslulausnir og samruninn muni því ekki leiða til þess að slík staða skapist.
42. Í samrunaskrá er fjallað nokkuð um markað fyrir færsluhirðingu þar sem starfsemi Rapyd fer helst fram á þeim markaði, þótt ekki sé um að ræða markaði þar sem áhrifa samrunans gæti að mati aðila. Þar segir einnig að samrunaaðilar hafi ekki fullnægjandi upplýsingar um áætlaða markaðshlutdeild allra þeirra aðila sem starfi á markaði fyrir færsluhirðingu. Sé eingöngu tekið mið af markaðshlutdeild Rapyd, Teya og Straums þá sé markaðshlutdeild Rapyd ekki það há að það leiði til markaðsráðandi stöðu að mati samrunaaðila og samruninn sé ekki til þess fallinn að raska samkeppni að því leyti til.
43. Jafnframt segir í samrunaskrá að samkeppnisleg áhrif af völdum samstarfssamnings á milli samrunaaðila komi einungis til skoðunar í formi samsteypuáhrifa þar sem í samstarfssamningnum felist hvorki lóðréttur né láréttur samruni. Að mati samrunaaðila sé ekki um að ræða slíka hlutdeild samrunaaðila, hvorki hjá Rapyd né Símanum Pay að hún geti ein og sér leitt til þess að samstarfssamningurinn geti valdið röskun á samkeppni. Enda séu áhrifin af samstarfssamningnum eingöngu þau að þjónusta Símans Pay verði í boði hjá þeim söluaðilum sem séu í viðskiptum við Rapyd um færsluhirðingu sem sé ekki í markaðsráðandi stöðu að mati samrunaaðila. Af þeim sökum útilokist ekki keppinautar Rapyd á markaði fyrir færsluhirðingu og keppinautar Símans Pay á markaði fyrir greiðslulausnir. Samrunaaðilar telja því að samstarfssamningurinn leiði ekki til þess að staða Rapyd styrkist á færsluhirðingamarkaði. Í ljósi þess sem hér að framan hefur verið rakið telja samrunaaðilar því að samstarfssamningurinn leiði ekki til útilokunaráhrifa.
44. Í samrunaskrá segir enn fremur að jafnvel þó að söluaðilar geti leitað til samrunaaðila fyrir alla þá þjónustu sem þeir þurfi á að halda, að því er varðar framangreinda þjónustu samrunaaðila (e. one-stop-shopping) þá leiðir það eitt og sér ekki til röskunar á samkeppni. Vísa samrunaaðilar til leiðbeininga framkvæmdarstjórnar ESB í því sambandi. Þar segir einnig að söluaðilar þurfi eftir sem áður að semja við að minnsta kosti tvo aðila, enda breytir samruninn og samstarfssamningur samrunaaðila engu um að söluaðilar verði t.d. að semja sjálfstætt við Rapyd eða annan aðila um færsluhirðingu.
45. Þá séu að mati samrunaaðila fjölmargir aðilar sem bjóði upp á sambærilegar greiðslulausnir og samrunaaðilar. Telja samrunaaðilar því að samkeppni á markaði fyrir greiðslulausnir sé öflug og keppinautar séu vel í stakk búnir til þess að veita samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald. Komi samruninn því hvorki til með að raska samkeppni á þeim markaði, né heldur mynda markaðsráðandi stöðu. Segir einnig að ekki verði séð hvernig samruninn og samstarfssamningurinn raski samkeppni á markaði að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Eins og hefur verið rakið hér að framan starfi samrunaaðilar ekki á sama markaði eftir samrunann og hafi samstarfssamningurinn því ekki nein samkeppnisleg áhrif á markað fyrir færsluhirðingu eða markað fyrir greiðslulausnir.
46. Það sé því mat samrunaaðila að vegna takmarkaðrar markaðshlutdeildar á þeim markaði þar sem áhrifa samrunans gæti komi samruninn til með að hafa verulega takmörkuð eða engin áhrif á samkeppni og hann sé því samrýmanlegur 17. gr. c. samkeppnislaga.



3.2. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um samkeppnisleg áhrif

47. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans hefur Samkeppniseftirlitið miðað bæði við mögulega víðari markaðsskilgreiningu eins og samrunaaðilar byggðu á, sem og mögulega þrengri skilgreiningu neyslulána vegna vöru- og þjónustukaupa í samstarfi við söluaðila. Í samrunamálum, þessum sem öðrum, er rétt að miða vörumarkað málsins við vöruframboð samrunaaðila og sambærilegt vöruframboð keppinauta, og þar með talið að teknu tilliti til kortalána viðskiptabankanna.
48. Ef horft er mögulegan þrengri markað sem samanstendur af neyslulánum og kortalánum vegna vörukaupa á sölustað er breyting á samþjöppun lítilega yfir viðmiðum í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB. Á slíkum mögulegum markaði eru Síminn Pay, Kvika banki (Netgíró og Aur), Rapyd, Teya og Pei með starfsemi. Sé hins vegar miðað við víðari skilgreiningu markaðarins er samþjöppunin innan þeirra viðmiða sem framkvæmdarstjórn ESB setur í leiðbeiningum um lárétta samruna. Teljast þá einnig til hins mögulega markaðar viðskiptabankarnir Þrír, Arion banki, Landsbankinn og Íslandsbanki.
49. Að mati Samkeppniseftirlitsins ber horfa til þess hér að samkeppnislegt aðhald er til staðar frá öðrum lánavörum og greiðslulausnum annarra fyrirtækja eins og viðskiptabankanna þriggja, þótt eiginleikar slíkra vara séu aðrir og tiltekinn munur á verðlagningu sem geti bent til þess að þær tilheyri ekki endilega sama markaði og lánavörur samrunaaðila eins og áður sagði. Þannig stafar óhjákvæmilega tiltekið samkeppnislegt aðhald frá yfirdráttarlánum og skammtímalánum viðskiptabankanna, og greiðsludreifingu kreditkortaskulda í stafrænum greiðslulausnum bankanna að loknum vörukaupum sem ber að taka tillit til. Þá eru bankarnir í viðskiptasambandi við fjölmarga söluaðila vöru og þjónustu sem og neytendur. Setja þeir því sameinuðu fyrirtæki Símans Pay og kortalána Rapyd skorður í samkeppnislegu tilliti og ættu að hafa hvata til þess að stíga inn á þennan mögulega markað ef keppinautar á honum hækkuðu verð. Í þessu sambandi skiptir einnig máli að Landsbankinn hefur haslað sér völl á sviði færsluhirðingar á allra síðustu árum og er því í viðskiptasambandi við söluaðila á nálægum markaði.
50. Hvað varðar möguleg lóðrétt tengsl milli samrunaaðila og möguleg samsteypuáhrif er m.a. til þess að líta að samsteypusamrunar eru almennt séð ólíklegir til að raska samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Í þessu máli er að mati Samkeppniseftirlitsins ekki þörf á að taka möguleg lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif samrunans til ítarlegrar skoðunar þar sem ekki eru uppi nægjanlega sterkar vísbendingar um möguleg útilokunaráhrif vegna samrunans. Fyrirliggjandi upplýsingar gáfu ekki tilefni til að ætla að nauðsynlegt væri að taka til skoðunar í samrunamálinu samstarfssamning Símans Pay og Rapyd um dreifingu á lánavörum fyrrnefnda félagsins hjá söluaðilum þess síðarnefnda sem þiggja færsluhirðingu félagsins.⁶ Það útilokar þó ekki að samningurinn eða áhrif hans kunni að geta komið til frekari skoðunar í síðari málum.
51. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna sem var aflað hjá markaðsaðilum og með athugun ársreikningum keppinauta var hægt að áætla markaðshlutdeild samrunaaðila. Ef gengið er út frá þrengri skilgreiningu, þ.e. að markaðurinn samanstandi einungis af þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á svokölluð neyslulán sem áður voru skilgreind þá er möguleg markaðshlutdeild Símans Pay um [20-25%] fyrir samrunann, og eftir kaup á lánasafni Rapyd eykst markaðshlutdeild sameinaðs fyrirtækis í [30-35%]. Sé hins vegar einnig tekið mið af vaxtaberandi kreditkortalánum viðskiptabankanna lækkar markaðshlutdeild Símans Pay í [10-15%] fyrir samruna og yrði áætluð hlutdeild sameinaðs fyrirtækis [15-20%] eftir samruna. Hefur þá ekki verið tekið tillit til mögulegs samkeppnislegs aðhalds vegna yfirdráttarlána, veðlausra skammtímalána eða skuldabréfalána bankanna, eða e.a. annarra leiða neytenda til þess að fjármagna einkaneyslu vegna vöru- og þjónustukaupa.

⁶ Sjá leiðbeiningar framkvæmdarstjórnarinnar um viðbótartakmarkanir, Commission Notice on restrictions directly related and necessary to concentrations (2005/C 56/03), sér í lagi mgr. 1-16.



52. Að mati Samkeppniseftirlitsins bendir framangreint því ekki til þess að markaðshlutdeild aðila verði svo há að markaðsráðandi staða myndist eða styrkist með samrunanum. Viðskiptabankarnir þrír veita einnig samrunaaðilum tiltekið samkeppnislegt aðhald eins og áður sagði, og þá virðast litlar aðgangshindranir vera til staðar telji þeir hagkvæmt að fara í beina samkeppni við samrunaaðila og/eða keppinauta þeirra. Hafa ber m.a. einnig í huga í þessu sambandi að markaðsstyrkur Kviku, sem rekur Netgíró og Aur, er töluverður, en það ætti áfram að veita sameinuðu fyrirtæki Símans Pay og kortalánnum Rapyd töluverða samkeppni.
53. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að hann leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til að aðhafast í tengslum við þennan samruna né rannsaka hann frekar, og lýkur því rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Símans Pay ehf. á hluta af starfsemi Rapyd Europe hf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson